

Hagnaður 2.286 milljónir króna á 3. ársfjórðungi 2021

Helstu niðurstöður

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 6.875 millj. kr. samanborið við 5.785 millj. kr. á 3F 2020, sem samsvarar 18,8% hækkun milli ára.
- EBITDA nam 3.346 millj. kr. samanborið við 2.586 millj. kr. á 3F 2020, sem jafngildir 29,3% hækkun.
- Framlegð af vörusölu var 25,4% á 3F 2021 en framlegðin var 24,7% í sama fjórðungi árið áður.
- Kostnaður vegna COVID-19 var 14 millj. kr. á 3F 2021 en var 108 millj. kr. á sama fjórðungi árið áður.
- Eigið fé í lok 3F 2021 var 31.748 m.kr. og eiginfjárlutfall 36,6% samanborið við 35,7% í lok árs 2020.
- Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga voru 25.423 millj. kr. í lok 3F 2021 samanborið við 29.986 millj. kr. í lok 2020 sem er lækkun um 4.563 millj. kr. á milli ára.
- EBITDA spá félagsins fyrir árið 2021 var hækkuð 29. september sl. um 600 millj. kr. og er nú 9.400 - 9.800 millj. kr.

Milljónir króna	3F 2021	3F 2020	Breyt.	% Breyt.	9M 2021	9M 2020	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Vöru- og þjónustusala	27.064	23.455	3.609	15,4%	72.308	62.875	9.433	15,0%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	6.875	5.785	1.090	18,8%	18.124	15.313	2.812	18,4%
Aðrar rekstrartekjur	534	432	102	23,6%	1.593	1.185	407	34,4%
EBITDA	3.346	2.586	759	29,3%	7.309	5.310	1.999	37,6%
EBIT	3.026	1.786	1.240	69,4%	5.505	3.293	2.211	67,2%
EBT	2.848	1.435	1.413	98,5%	4.449	2.136	2.313	108,3%
Hagnaður tímabilsins	2.286	1.162	1.124	96,7%	3.618	1.740	1.877	107,9%
Efnahagsreikningur					30.9.2021	31.12.2020	Breyt.	% Breyt.
Birgðir					8.863	7.668	1.194	15,6%
Viðskiptakröfur					5.887	4.924	964	19,6%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga					29.668	32.549	-2.881	-8,9%
Handbært fé					4.245	2.563	1.682	65,6%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga					25.423	29.986	-4.563	-15,2%
Sjóðstreymi	3F 2021	3F 2020	Breyt.	% Breyt.	9M 2021	9M 2020	Breyt.	% Breyt.
Handbært fé frá rekstri	4.022	2.453	1.568	63,9%	7.404	4.369	3.035	69,5%
Fjárfestingarhreyfingar	372	-998	1.370	-137,3%	-96	-2.435	2.339	-96,1%
Fjármögnunarhreyfingar	-3.287	-756	-2.531	334,7%	-5.647	-2.345	-3.302	140,8%
Handbært fé í lok tímabils	4.245	4.991	-746	-14,9%	4.245	4.991	-746	-14,9%
Lykiltölur								
Framlegð af vörusölu	25,4%	24,7%	0,7%	3,0%	25,1%	24,4%	0,7%	2,9%
EBITDA/framlegð	48,7%	44,7%	4,0%	8,8%	40,3%	34,7%	5,6%	16,3%
Eiginfjárlutfall	36,6%	35,7%	0,9%	2,4%	36,6%	35,5%	1,1%	3,1%
Laun/framlegð	40,0%	42,8%	-2,8%	-6,4%	47,4%	49,6%	-2,2%	-4,4%
Fjárfestingar	546	1.297	-750	-57,9%	1.535	2.584	-1.049	-40,6%
Veltuhraði birgða	8,5	8,3	0,2	2,4%	8,0	8,1	-0,1	-1,2%

Rekstur þriðja ársfjórðungs 2021

Rekstur félagsins á þriðja ársfjórðungi gekk vel. Rekstur N1, Krónunnar og ELKO var umtalsvert betri en á sama fjórðungi árið áður og umfram væntingar stjórnenda. EBITDA félagsins nam 3.346 millj. kr. sem er 759 millj. kr. betri afkoma en í sama fjórðungi árið áður.

Tekjur

- Tekjur af vöru- og þjónustusölu námu 27.064 millj. kr. í 3F 2021 samanborið við 23.455 millj. kr. í 3F 2020, sem samsvarar 15,4% hækkun.
- Rekstrartekjur í dagvörusölu námu 13.482 millj. kr. sem er 8,0% aukning milli ára.
- Mikill viðsnúningur í eldsneytis- og rafmagnssölu. Tekjurnar voru 7.742 millj. kr. sem er 30,5% aukning á milli ára.
- Rekstrartekjur í raftækjasölu námu 3.816 millj. kr. sem er 14,4% aukning á milli ára.
- Rekstrartekjur í sölu annarra vara námu 2.024 millj. kr. sem er 18,4% aukning milli ára.
- Flokkun tiltekinna rekstrartekna og rekstrargjalda fyrir árið 2020 hefur verið breytt til að samræma flokkun innan samstæðunnar.

Milljónir króna	3F 2021	3F 2020	Breyt.	% Breyt.	9M 2021	9M 2020	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala								
Dagvörur	13.482	12.478	1.004	8,0%	38.891	34.580	4.311	12,5%
Eldsneyti og rafmagn	7.742	5.930	1.811	30,5%	17.638	14.641	2.997	20,5%
Raftæki	3.816	3.337	479	14,4%	10.543	8.791	1.752	19,9%
Aðrar vörur og þjónusta	2.024	1.710	314	18,4%	5.235	4.863	372	7,7%
Samtals vöru- og þjónustusala	27.064	23.455	3.609	15,4%	72.308	62.875	9.433	15,0%
Aðrar rekstrartekjur	534	432	102	23,6%	1.593	1.185	407	34,4%
Tekjur samtals	27.598	23.887	3.711	15,5%	73.900	64.060	9.840	15,4%

Tekjur nýrra verslana skýra 992 millj. kr. af aukningu milli ára. Tekjur af öðrum vörum og þjónustu hækkuðu um 314 millj. kr. eða 18,4% milli ára.

Milljónir króna	3F 2021	3F 2020	Breyt.	% Breyt.	9M 2021	9M 2020	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu								
Dagvörur	3.373	2.964	409	13,8%	9.367	8.076	1.292	16,0%
Eldsneyti og rafmagn	1.818	1.470	349	23,7%	3.983	3.203	781	24,4%
Raftæki	948	746	202	27,0%	2.720	2.138	582	27,2%
Aðrar vörur og þjónusta	736	605	131	21,6%	2.053	1.897	157	8,3%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	6.875	5.785	1.090	18,8%	18.124	15.313	2.812	18,4%

Framlegð af vöru- og þjónustusölu var 6.875 millj. kr. samanborið við 5.785 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi 2020 sem er 18,8% hækkun milli ára. Framlegð af dagvörusölu var 3.373 millj. kr. sem er 13,8% aukning á milli ára. Framlegð af eldsneyti og rafmagni var 1.818 millj. kr. sem er um 23,7% millj. kr. aukning milli ára. Jákvæð áhrif vegna varnarsamninga eldsneytis nema 176 millj. kr. milli ára.

28. okt. 2021 – Afkomutilkynning Festi hf. á 3. ársfjórðungi 2021

Framlegð af raftækjasölu var 948 millj. kr. sem er 27,0% aukning og framlegð annarra vara og þjónustu var 736 millj. kr. sem er aukning um 21,6% milli ára.

Flokkun tiltekinna rekstrartekna og rekstrargjalda hefur verið breytt til að samræma flokkun milli félaganna í samstæðunni. Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við nýja flokkun en breytingin hefur engin áhrif á afkomu samstæðunnar, eignir, skuldir, eigið fé eða sjóðstreymi.

Rekstrarkostnaður

- Rekstrarkostnaður á 3F 2021 var 4.063 millj. kr. og hækkar um 433 millj. kr. frá 3F 2020 sem er 11,9% hækkun á milli ára.
- Launakostnaður hækkar um 277 millj. kr. milli fjórðunga eða 11,2%.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 156 millj. kr. milli fjórðunga eða 13,5%.

Milljónir króna	3F 2021	3F 2020	Breyt.	% Breyt.	9M 2021	9M 2020	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður								
Laun og annar starfsmannakostnaður	2.752	2.475	277	11,2%	8.587	7.588	998	13,2%
Annar rekstrarkostnaður								
Rekstrarkostnaður fasteigna	397	382	15	4,0%	1.123	1.161	-39	-3,3%
Viðhaldskostnaður	224	152	71	46,9%	655	508	147	28,9%
Sölu og markaðskostnaður	302	222	81	36,4%	889	700	188	26,8%
Samskiptakostnaður	161	154	7	4,8%	496	449	47	10,6%
Skrifstofu og stjórnarkostnaður	73	81	-8	-9,6%	275	354	-79	-22,2%
Vátrygginga og tjónakostnaður	94	54	40	75,4%	193	130	63	48,4%
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur	12	28	-15	-55,4%	36	65	-29	-44,2%
Annar kostnaður	47	84	-36	-43,6%	154	232	-78	-33,5%
Samtals annar rekstrarkostnaður	1.311	1.156	156	13,5%	3.821	3.599	222	6,2%
Samtals rekstrarkostnaður	4.063	3.631	433	11,9%	12.408	11.187	1.220	10,9%

Laun og annar starfsmannakostnaður í 3F 2021 nam 2.752 millj. kr. samanborið við 2.475 millj. kr. á 3F 2020 sem er 11,2% hækkun milli ára. Fjöldi stöðugilda jókst um 3,4% á milli ára og var 1.216 á fjórðungnum sem er fjölgun um 40 stöðugildi milli ára. Samningsbundnar launahækkningar komu inn í janúar 2021 og nemur hækkunin um 109 millj. kr. milli ára. Í neðangreindri töflu má sjá greiningu á hækkun launa og annars starfsmannakostnaðar í millj. kr. milli ára:

Starfsmannakostnaður samtals 3F 2020	2.475
Stöðugildi - breyting	90
Samningsbundnar launahækkningar	109
Orlofsskuldbinding	-22
Annað	99
Starfsmannakostnaður samtals 3F 2021	2.752

Annar rekstrarkostnaður var 1.311 millj. kr. samanborið við 1.156 millj. kr. á 3F 2020, sem er hækkun um 156 millj. kr. eða 13,5% milli ára. Viðhaldskostnaður hækkar um 71 millj. kr. en ástæðan er að minna var af

28. okt. 2021 – Afkomutilkynning Festi hf. á 3. ársfjórðungi 2021

reglubundnu viðhaldi í fyrra á sama fjórðungi vegna áhrifa COVID. Sölu og markaðskostnaður eykst um 81 millj. kr. en sölutengdir kostnaðarliðir þar skýra um 58 millj. kr. af þeirri hækkun. Vátrygginga og tjonakostnaður hækkar um 40 millj. kr. milli ára en viðbótartjonakostnaður vegna eldsneytisleka á Hofsósi að fjárhæð 60 millj. kr. er færður inn í fjórðunginn.

Fjármagnsliðir

- Nettó fjármagnskostnaður var 178 millj. kr. samanborið við 351 millj. kr. á sama fjórðungi árið áður.

Milljónir króna	3F 2021	3F 2020	Breyt.	% Breyt.	9M 2021	9M 2020	Breyt.	% Breyt.
Fjármagnstekjur	40	0	40	15119,6%	89	181	-92	-50,8%
Fjármagnsgjöld	-385	-520	135	-26,0%	-1.437	-1.576	138	-8,8%
Áhrif hlutdeildarféлага	167	169	-2	-0,9%	293	238	55	23,2%
Samtals	-178	-351	174	-49,4%	-1.056	-1.157	102	-8,8%

Fjármagnsgjöld 385 millj. kr. samanborið við 520 millj. kr. á sama fjórðungi árið áður. Skuldbreyting var gerð þann 1. júlí sl. á langtímalánnum að eftirstöðvum um 8,7 milljarðar úr verðtryggðum yfir í óverðtryggt.

Efnahagur og fjárhagsleg staða

- Samtals eignir námu 86.764 millj. kr. í lok 3F 2021 og hafa hækkað um 3.400 millj. kr. frá áramótum.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 36,6% í lok 3F 2021 samanborið við 35,7% í lok 4F 2020.
- Handbært fé 4.245 millj. kr. í lok 3F 2021 sem er hækkun um 1.682 millj. kr. frá áramótum.

Milljónir króna	30.9.2021	31.12.2020	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	14.668	14.668	0	0,0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.816	4.971	-156	-3,1%
Rekstrarfjármunir	31.654	32.297	-643	-2,0%
Leigueignir	5.587	5.420	167	3,1%
Fjárfestingarfasteignir	7.500	7.467	33	0,4%
Birgðir	8.863	7.668	1.194	15,6%
Viðskiptakröfur	5.887	4.924	964	19,6%
Handbært fé	4.245	2.563	1.682	65,6%
Vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	29.668	32.549	-2.881	-8,9%
Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga	25.423	29.986	-4.563	-15,2%
Nettó vaxtaberandi skuldir	31.253	35.596	-4.343	-12,2%
Eignfjárhlutfall	36,6%	35,7%	-0,9%	-2,5%
Veltuhraði vörubirgða	8,5	8,3	0,2	2,4%

28. okt. 2021 – Afkomutilkynning Festi hf. á 3. ársfjórðungi 2021

Viðskiptavild er 14.668 m.kr. og aðrar óefnislegar eignir 4.816 millj. kr. í lok 3F 2021. Rekstarfjármunir námu 31.654 millj. kr. og fjárfestingarfasteignir 7.500 millj. kr. í lok fjórðungsins. Birgðir félagsins að hækka í takt við árstíðasveiflu.

Nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskuldbindinga voru samtals 25.423 milljónir króna sem er lækkun um 4.563 millj. kr. frá áramótum. Eiginfjárhlutfall félagsins var 36,6% í lok 3F 2021 samanborið við 35,7% í lok árs 2020. Lausafjárstaða félagsins er sterk og efnahagsreikningur félagsins einnig.

Sjóðstreymi og fjárfestingar

- Handbært fé frá rekstri á 3F 2021 var 4.022 millj. kr. samanborið við 2.453 millj. kr. á 3F 2020.
- Fjárfestingahreyfingar jákvæðar um 372 millj. kr., aukning um 1.370 millj. kr. milli ára.
- Fjármögnunarhreyfingar neikvæðar um 3.287 millj. kr., aukning um 2.531 millj. kr. milli ára.

Milljónir króna	3F 2021	3F 2020	Breyt.	% Breyt.	9M 2021	9M 2020	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi								
Handbært fé í byrjun tímabils	3.134	4.294	-1.160	-27,0%	2.563	5.369	-2.806	-52,3%
Handbært fé frá rekstri	4.022	2.453	1.568	63,9%	7.404	4.369	3.035	69,5%
Fjárfestingarhreyfingar	372	-998	1.370	-137,3%	-96	-2.435	2.339	-96,1%
Fjármögnunarhreyfingar	-3.287	-756	-2.531	334,7%	-5.647	-2.345	-3.302	140,8%
Gengismunur af handbæru fé	4	-3	7	-250,5%	21	33	-12	-36,5%
Breyting á handbæru fé	1.111	696	415	59,5%	1.682	-378	2.060	-545,0%
Handbært fé í lok tímabils	4.245	4.991	-746	-14,9%	4.245	4.991	-746	-14,9%

Handbært fé frá rekstri á 3F 2021 nam 4.022 millj. kr. sem er hækkun um 1.568 millj. kr. milli ára eða um 64%. Fjárfestingar á fjórðungnum námu 546 millj. kr. en sala eigna um 874 millj. kr. Eigin bréf voru keypt fyrir 390 millj. kr. og afborganir af vaxtaberandi lánnum námu 2.787 millj. kr. á fjórðungnum. Handbært fé hækkaði um 1.111 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi 2021.

Horfur í rekstri Festi hf. og EBITDA spá 2021

Í ljósi betri afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi 2021 og mati stjórnenda á horfum út árið þá var EBITDA spá félagsins hækkuð með tilkynningu til Nasdaq OMX Iceland hf. þann 29. september sl. um 600 millj. kr. eða í 9.400 - 9.800 millj. kr án tillits til áætlaðs söluhagnaðar fasteigna til Reita að fjárhæð 469 millj. kr. sem tilkynnt var um með tilkynningu til Nasdaq OMX Iceland hf. þann 30. júní sl. Enn er unnið að afléttingu fyrirvara um kaupin.

Eftirfarandi þættir geta haft áhrif á rekstur félagsins

- Óvissa vegna áhrifa COVID-19
- Órói á heimsmarkaðsverði eldsneytis og gengi ISK
- Aukið atvinnuleysi og lægri hagvöxtur
- Hækkun á innfluttum vörum og hnökrar í aðfangakeðju á heimsmarkaði

Eiginfjárhlutfall félagsins er 36,6 % í lok fjórðungsins og félagið hefur sterka fjárhagsstöðu. Festi hefur skýra stefnu um fjármagnsskipan og mun t.d. við eignasölu koma fjármunum til hluthafa með kaupum á eigin bréfum, arðgreiðslum og/eða lækkun hlutfjár. Horfur í rekstrinum eru góðar og félagið er í vel stakki búið til að takast á við verkefni framundan.

28. okt. 2021 – Afkomutilkynning Festi hf. á 3. ársfjórðungi 2021

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 3F 2021 nam 69,2 milljörðum króna.
- Hluthafar félagsins voru 979 í lok 3F 2021.

Kynningarfundur föstudaginn 29. október 2021

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 29. október 2021 í höfuðstöðvum Festi að Dalvegi 10 – 14 í Kópavogi 3. hæð. Eggert Þór Kristófersson, forstjóri, mun kynna uppgjörið og svara spurningum ásamt Magnúsi Kr. Ingasyni, fjármálastjóra.

Fundurinn hefst kl. 08:30. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: <https://festi.is/r/fjarhagsupplysingar> og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

Fjárhagsdagatal

- Ársuppgjör 2021: 4. febrúar 2022
- Aðalfundur 2021: 2. mars 2022

Nánari upplýsingar veita Eggert Þór Kristófersson forstjóri, (eggert@festi.is) og Magnús Kr. Ingason framkvæmdastjóri fjármálasviðs, (mki@festi.is).